# ÖSKJUHLÍÐ - Deiliskipulagsbreyting

## Lóð fyrir Ásatrúarfélagið




Gildandi deiliskipulag frá 1998, m.s.br. mkv. 1:2000




Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í nóvember 2007, mkv. 1:2000



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2004



Afstaða

### Skýringar:

- Núverandi trjágróður
- Nýr trjágróður
- Fossvogsbakkar, tillaga að friðun skv. náttúruverndarlögum
- Hverfisvernd náttúru- og söguminja
- Stofnanir, félagsstarfsemi o.fl.
- Aðrar byggingar
- Stofn- og tengistígar
- Aðrir stígar
- Akfærir stígar
- Vegir
- Bílastæði
- Upplýsingaskilti
- Æfingastöð
- Áningarstaður
- Leikvöllur
- Almennar söguminjar
- Stríðsminjar
- Mörk lóða
- Núverandi langnir
- Ný yfirfallslögn
- Byggingareitur
- Skipulagi frestað
- Mörk skipulagssvæðis frá 1998
- Mörk á breyttu deiliskipulagi

### BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Reykjavíkurborg hefur gefið Ásatrúarfélaginu vilyrði fyrir lóð undir hof og tilheyrandi starfsemi í Öskjuhlíð. Á lóðinni má einvörðungu vera starfsemi sem er rekin af Ásatrúarfélaginu.
Lóðin er í suðurhlíðinni vestan við vatnstaka frá stríðsárunum og markast af stofnstíg að norðan og austan. Svæðið hallar á móti suðvestri, er skógi vaxið og liggur stofnstígur sunnan við það. Sunnan við stofnstíginn er gert ráð fyrir 250 fermetra grjóthlöðnum dómhring sem verður hluti af almennu útivistarsvæði í Öskjuhlíð.
Breyting á deiliskipulagi felur í sér að lagður er nýr vegur meðfram göngustíg frá núverandi vegi sem liggur í gegnum Öskjuhlíðina. Samtals er gert ráð fyrir 15 bílastæðum innan lóðar en að öðru leyti verði bílastæðaþörf mætt með samnýtingu á bílastæðum við Öskjuhlíð og Nauthólsvík.

### BYGGINGARSKILMALAR

Lóðarstærð er um 2600m2 og nýtingarhlutfallið 0,34.
Heildar byggingarmagn er um 850 m2 þar sem stærstu byggingarnar eru hver um sig 250 m2. Annars vegar framhof sem er safnrými og hins vega hof sem er helgidómur.
Gert er ráð fyrir að helgidómurinn verði lækkaður í landinu og felldur inn í klöppina. Annað rými er tilheyrandi þjónustu- og starfsmannaaðstöðu.
Staðsetning bygginga er frjáls innan byggingarreits.
Mænishæð miðað við aðalgólf við aðkomu er 8 m

### LÓÐARSKILMÁLAR

Vanda skal sérstaklega til alls frágangs á lóðinni og fella hana að umhverfinu. Lögð er áhersla á að halda sem mest í núv. gróður sem er innan lóðarmarka og rask utan lóðar er óheimil.
Með aðalteikningu af byggingu skal fylgja séruppdráttur sem gerir grein fyrir skipulagi lóðar þ.m.t hæðarsetning, frágang bílastæða, plöntuval og annan almennan frágang á lóðinni.
Gera þarf sérstaklega grein fyrir samspili bygging og lóðar við nánasta umhverfi.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997
var samþykkt í SKIPULAGSRÁÐI þann 14. nóv. 2007
og í BORGARRÁÐI þann 22. nóv. 2007.

Tillagan var auglýst frá 28. nóv. 2007 með athugasemdafresti til 11. jan. 2008.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 200_.

[signature] Skipulagsstjóri Reykjavíkur [stamp]

N

0 — 100 m

| Dags: 13.11.2007 | Mkv: 1:2000 | Teikn: MÓ |
|---|---|---|
| Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt FÍLA | | |

LANDMÓTUN. Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími: 575 5300 fax: 554 5360 netf: landmotun@landmotun.is